



Reykjavík, 17. febrúar 2026

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.

Á samráðsgátt stjórnvalda birti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 26. janúar 2026 drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, mál nr. S-3/2026. Markmið frumvarpsins er að tryggja að opinbert eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum sé árangursríkt, skilvirkt, óhlutdrægt og uppfylli kröfur um gæði og samræmi í framkvæmd.

Helstu breytingar frumvarpsins eru þær að eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum verður fært frá heilbrigðiseftirliti til Umhverfis- og orkustofnunar. Útgáfa starfsleyfis verður miðlæg á vegum fyrrgreindrar stofnunar. Fram kemur að tillagan sé lögð fram til að tryggja skilvirkt eftirlit á málefnasviðinu og einfalda stjórnslu gagnvart þjónustuþegum.

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF hafa farið yfir drög að frumvarpinu og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Frumvarpið á sér langan aðdraganda

Forsaga málsins er löng eins og rakið er með góðum hætti í kafla 2., *Tílefni og nauðsyn lagasetningar*, í greinargerð með frumvarpinu. Fjöl margar greiningar á núverandi fyrirkomulagi hafa verið unnar á undanförunum árum og þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) allt frá árinu 2010 gert ítrekaðar athugasemdir við annmarka á skipulagi opinbers eftirlits hér á landi hvað varðar samræmingu milli eftirlitsaðila á sviði matvæla.

Síðasta greiningin var unnin af stýrihóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og matvælaráðherra árið [2025](#). Stýrihópurinn rýndi tillögur starfshóps frá árinu [2023](#) og niðurstaðan var að hagkvæmasta sviðsmyndin væri að færa stjórnslu hollustuhátta og mengunarvarna og matvælaeftirlits alfarið til ríkisstofnana. Jafnframt þyrfti að byggja upp sameiginlegt upplýsingakerfi þessara stofnana. Frumvarpið er afrakstur þeirrar vinnu. Til frekari upplýsinga vísa samtökin til fyrrgreinds kafla í greinargerðinni og þeirra skýrslna sem vísað er til hér að ofan.

Afstaða samtakanna á liðnum árum

SAF fagna frumvarpinu og telja það nauðsynlegt og eðlilegt framhald fyrrnefndrar vinnu. Þegar skýrsla stýrihópsins var til kynningar á samráðsgátt stjórnvalda skiluðu SAF inn [umsögn](#) þar sem hvatt var til að stíga nauðsynleg skref þegar kemur að fyrrgreindu eftirliti og gera það samræmt, einfaldara og skilvirkara. Í september sl. voru áform um frumvarpið birt á samráðsgátt til umsagnar og skiluðu samtökin inn jákvæðri [umsögn](#) til boðaðrar einföldunar á eftirlitsumhverfinu.

Samtökin hafa ekki skipt um skoðun í málinu og telja áfram að breytingarnar séu mikilvægar og jákvæðar. Einföldun og aukin skilvirkni eru nauðsynleg skref til að bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Nauðsynleg breyting til að tryggja samræmt og skilvirkt eftirlit

SAF telja að frumvarpið sé ekki eingöngu lagt fram til að bregðast við kröfum ESA, heldur einnig til að bregðast við fyrirkomulagi á eftirliti sem hefur leitt til ósamræmis, óhagræðis og óskilvirkni. Slíkir annmarkar kosta atvinnulífið og samfélagið í heild meira en mögulegur kostnaður sem kann að felast í því að eftirliti sé sinnt af tveimur eftirlitsstofnunum með samræmt eftirlit. Samtökin taka því undir það sem kemur fram í greinargerðinni um jákvæð áhrif frumvarpsins á atvinnulíf og fyrirtæki.

Niðurstaða nýjustu skýrslna um málið benda til þess að samræmt verklag eftirlits mun draga úr flækjustigi og mismunandi framkvæmd eftirlits milli landssvæða. Þá mun það tryggja jafnræði, meiri fyrirsjáanleika og einfalda samskipti fyrirtækja við stjórnvöld. Boðuð einföldun og samræming upplýsingakerfis þar sem mögulegt er að hafa eitt stafrænt viðmót fyrir eftirlit, skráningar og samskipti skiptir máli fyrir eftirlitsþega. Aukin sjálfvirkni af hálfu eftirlitsstofnana myndi gegna stóru hlutverki í að bæta eftirlit þeirra og stytta afgreiðslutíma. Mikilvægt er að eftirlitsheimsóknir nýtist milli stofnana og að formlegt samkomulag liggi fyrir um virkt samstarf. Slíkt dregur úr sóun í kerfinu. Eftirlitsheimsókn frá einni eftirlitsstofnun þarf því að nýtast hinni stofnunni við ákvörðunartöku um hvort og hvenær farið verði í eftirlit. Þá er mikilvægt að eftirliti verði áhættumiðaðra og að forgangsroðun í dreifbýli sé skýr. Breytingin gæti því leitt til þess að draga úr eftirlitsheimsóknum án þess að draga úr gæðum eftirlitsins.

Ofangreindu verður ekki náð nema með fyrirhugðum breytingum og þeirri vinnu sem í kjölfarið mun fara af stað. Mikilvægt er sú vinna geti hafist sem fyrst þannig að hlutverk eftirlitsstofnana og viðmót verði skýrt þegar ákvæði frumvarpsins á að taka gildi 1. janúar 2027.

SAF lítur á frumvarpið sem mikilvægt skref í rétta átt til einföldunar og aukinnar skilvirkni í stjórnslu gagnvart atvinnulífinu. Samtökin eru reiðubúin til áframhaldandi samtals við stjórnvöld um framkvæmd og innleiðingu breytinganna og áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari ábendingum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Ágúst Elvar Bjarnason

Ágúst Elvar Bjarnason, vekefnastjóri

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri